

AUGLÝSING

um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafns.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð 5. janúar 2023 stofnskrá Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafns. Jafnframt fellur brott auglýsing sama efnis nr. 787/2015.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Reykjavík, 7. mars 2023.

F.h. safnaráðs,

Þóra Björk Ólafsdóttir framkvæmdastjóri.

Fylgiskjal.

STOFNSKRÁ fyrir Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafn í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Sagnheimar, byggða- og náttúrugripasafn er opinber stofnun í eigu Vestmannaeyjabæjar. Bæjarráð Vestmannaeyja er stjórnarnefnd safnsins. Breytingar á stefnu eru aðeins gerðar með samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Stjórnarnefnd hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Dagleg stjórn safnsins er í höndum safnstjóra og forstöðumanns Safnahúss Vestmannaeyja.

2. gr.

Vestmannaeyjar eru starfssvæði safnsins. Aðsetur safnsins er í Safnahúsi Vestmannaeyja við Ráðhúströð, Vestmannaeyjum. Auk muna í aðsetri safnsins heyra undir safnið munir og mannvirki sem varðveitt eru annars staðar á starfssvæðinu, sbr. 8. og 9. gr.

3. gr.

Sagnheimar, byggða- og náttúrugripasafn starfar í almannabágu, samkvæmt samþykktum bæjarfyrirvalda og landslögum, safnalögum nr. 141/2011 og siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

4. gr.

Verksvið safnsins er alhliða söfnun, skráning, miðlun og varðveisla náttúrugripa og menningarsögulegra verðmæta, er snerta byggðasögu Vestmannaeyja s.s. fyrri búskaparháttu, sögu sjávarútvegs, siglinga, verslunar, iðnaðar og annarra atvinnugreina, félags- og menningarsögu svæðisins í víðasta skilningi. Enn fremur er það í verkahring safnsins að kynna íslenskan menningararf á sem breiðustum grundvelli, t.d. með því að stofna til faglegs samstarfs við önnur söfn og stofnanir og/eða sérsýninga svæðisbundið, á landsvísu og á alþjóðavettvangi eftir því sem við verður komið.

5. gr.

Allan safnkost er berst safninu skal skrásetja samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi safnaráðs, merkja og koma í eins tryggja vörslu og unnt er. Hvorki má gefa né selja þá muni sem safnið hefur eignast, nema fylgt sé grisjunaráætlun sem samþykkt er af viðkomandi höfuðsafni. Lána má muni til langtímaláns með samþykki bæjarráðs. Safnið tekur við munum sem samræmast söfnunarstefnu þess. Ekki er skylt að veita viðtöku munum eða öðrum minjum, sem kvaðir fylgja um frágang, varðveislu eða sýningu.

6. gr.

Hlutverk safnsins er í meginatriðum eftirfarandi:

- a) Safnið skal kappkosta að safna, skrá, miðla og varðveita menningarverðmæti og náttúrugripi á markvissan hátt með skírskotun í sérstöðu Vestmannaeyja.
- b) Safnið skal vera kennslu- og fræðslustofnun fyrir almenning og skóla. Safnið skal kappkosta að sinna skólunum í Vestmannaeyjum sérstaklega.

Safnið skal stuðla að og taka þátt í rannsóknum og fræðslu á sviði náttúru- og umhverfismála, sem og menningararfi Vestmannaeyja, í samstarfi við fræðastofnanir og áhugafélög.

Þessum markmiðum skal leitast við að ná með föstum sýningum, þar sem heillegt yfirlit er gefið um byggðar- og menningarsögu svæðisins. Jafnframt skal safnið standa fyrir tímabundnum sýningum og reglubundnum menningarviðburðum, auk farandsýninga, í samstarfi við önnur söfn og stofnanir.

7. gr.

Safnið skal gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum og vera opið á auglýstum tímum.

8. gr.

Safnið skal hafa umsjón með varðveislu á menningarsögulega merktum byggingum og öðrum mannvirkjum, sem ástæða er talin til að vernda á svæðinu, í samvinnu við hlutaðeigandi aðila.

9. gr.

Safninu er heimilt að varðveita safnmuni og aðrar minjar utan veggja safnsins, gefist ekki kostur á að flytja slíka muni í safnið eða betur hentar að varðveita þá annars staðar. Ráðstöfun og meðferð slíkra muna sem og annarra eigna safnsins skal bundin ákvörðun bæjarráðs í samráði við safnstjóra Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafns.

10. gr.

Ráðning safnstjóra fer fram skv. starfsmannastefnu Vestmannaeyjabæjar. Safnstjóri Sagnheima, byggða- og náttúrugripasafns skal hafa háskólamenntun á menningarsögulegum grunni, s.s. fornleifafræði, safnafræði, sagnfræði, þjóðfræði, þjóðháttufræði eða mannfræði. Safnstjóri starfar í umboði bæjarráðs og hefur greiðan aðgang að eiganda safnsins sem er Vestmannaeyjabær. Safnstjóri ber, ásamt forstöðumanni Safnahúss, ábyrgð á daglegum rekstri og stjórnslu safnsins. Þeir bera jafnframt ábyrgð á faglegum rekstri safnsins og vinna að almennri stefnumótun til samþykktar hjá stjórnarnefnd safnsins.

11. gr.

Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði samkvæmt fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar ár hvert. Allur arður af starfseminni rennur til safnsins, til frekari uppbyggingar og reksturs.

12. gr.

Verði ákveðið að leggja safnið niður skal safnkosti þess ráðstafað í samráði við Þjóðminjasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands. Öðrum eignum skal ráðstafað að höfðu samráði Vestmannaeyjabæjar við menningar- og viðskiptaráðuneytið.

13. gr.

Stofnskrá þessa skal endurskoða á a.m.k. fjögurra ára fresti.